

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

I. KAFLI

Sameiginleg ákvæði.

1. gr.

Nafn og heimili.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Sjóðurinn tók til starfa 1. nóvember 1944 og nefndist þá Eftirlaunasjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands.

2. gr.

Deildaskipting sjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn starfar í tveimur deildum, A og B deild, sbr. II.-III. kafla reglugerðar þessarar. Deildirnar skulu hafa aðskilinn fjárhag og þær bera ekki fjárhagslega ábyrgð hvor á annari.

Komi til þess að B-deild verði slitið, sbr. 31. gr., mun deildaskipting sjóðsins falla niður.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er að veita sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum II.-III. kafla reglugerðar þessarar.

4. gr.

Sjóðfélagar.

Allir starfsmenn Búnaðarbanka Íslands hf., sem náð hafa 16 ára aldri, að undanskildum þeim, sem nefndir eru í 2. mgr., skulu vera sjóðfélagar, svo og þeir starfsmenn annarra stofnana, sem eiga rétt á þátttöku í sjóðnum samkvæmt sérstökum samningum, sem gerðir hafa verið við eftirlaunasjóðinn fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Undanskyldir eru:

- a. Þeir starfsmenn, sem bankaráð hefur tryggt lífeyrisrétt á annan hátt.
- b. Þeir starfsmenn, sem ekki sinna daglegum bankastörfum.
- c. Þeir starfsmenn, sem eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum vegna starfs síns hjá bankanum.
- d. Þeir sjóðfélagar B-deildar, og nýir starfsmenn bankans, sem hafa við slit á deildinni flutt greiðsluskyldu vegna ávinnings lífeyrisréttinda yfir í aðra lífeyrissjóði/annan lífeyrissjóð sbr. 31. gr. og 23. gr.

Þeir, sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, teljast sjóðfélagar.

Starfstími sjóðfélaga telst sá tími sem iðgjöld hafa verið greidd eða flutt til sjóðsins. Sá tími þarf ekki að vera samfelldur.

5. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, einn bankastjóri tilnefndur af bankastjórn og tveir menn kosnir á fundi sjóðfélaga. Annan fulltrúa sjóðfélaga kjósa sjóðfélagar A-deildar úr sínum hópi, en hinn kjósa sjóðfélagar B-deildar úr sínum hópi. Tveir varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Stjórn skal kosin til tveggja ára í senn.

Stjórn skiptir með sér verkum. Hún sér um rekstur sjóðsins samkvæmt reglugerð þessari, sbr. þó 2. mgr. 7. gr.

Stjórnin skal halda gjörðabók og skrá í hana allar samþykktir. Samþykkt er lögleg, ef tveir stjórnarmenn greiða henni atkvæði.

Þrátt fyrir slit B-deildar, sbr. 31. gr., skulu fulltrúar sjóðfélaga í stjórn sjóðsins vera tveir.

6. gr.

Sjóðfélagafundir.

Stjórn sjóðsins skal efna til sjóðfélagafundar, sem halda skal eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert og boða með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Á þeim fundi skal gera grein fyrir stöðu sjóðsins. Fund skv. 31. gr. er þó eigi skylt að halda í aprílmánuði.

Tillögur til breytinga á reglugerð sjóðsins skulu sendar öllum sjóðfélögum eigi síðar en tveimur vikum fyrir sjóðfélagafund. Slíkar tillögur skulu bornar undir atkvæði á fundinum. Við breytingar, sem eingöngu taka til einstakrar deildar, eru einungis sjóðfélagar hennar atkvæðisbærir. Verði B-deild sjóðsins slitið, án þess að áunnin réttindi sjóðfélaga B-deildar flytjist með sbr. lokamálsgrein 31. gr., skulu þeir sjóðfélagar hafa atkvæðisrétt á meðan þeir eru starfsmenn bankans.

Nú eru tillögur til breytinga á reglugerð, sem bornar eru fram af sjóðstjórn, felldar á sjóðfélagafundi, og skal fundurinn þá kjósa þriggja manna viðræðunefnd, er undirbúi málið ásamt sjóðstjórn fyrir næsta sjóðfélagafund.

Á sjóðfélagafundi skal annað hvert ár kjósa fulltrúa í sjóðstjórn, sbr. 5. gr., og ár hvert skal kjósa skoðunarmann samkvæmt 7. gr. ásamt öðrum til vara.

7. gr.

Reikningar, endurskoðun og afgreiðsla.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda, sem sjóðstjórn velur. Þá skulu tveir skoðunarmenn, annar tilnefndur af bankaráði, en hinn kjörinn á sjóðfélagafundi, yfirfara ársreikning sjóðsins og láta í ljós álit sitt á honum með áritun sinni.

Stjórn sjóðsins skal gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru fyrir starfrækslu hans, afgreiðslu, reikningshald, innheimtu tekna og greiðslu lífeyris, en heimilt er henni að semja við banka, verðbréfafyrirtæki eða annan lífeyrissjóð um fjárvörslu og aðra þætti starf-
seminnar fyrir einstakar deildir sjóðsins.

8. gr.

Skipting rekstrarkostnaðar.

Þeim hluta rekstrarkostnaðar sjóðsins, sem ekki er borinn af bankanum, skal skipt þannig milli deilda sjóðsins, að þriðjungi skal skipt í hlutfalli við iðgjaldatekjur, þriðjungi í hlutfalli við lífeyrisútgjöld og þriðjungi í hlutfalli við meðaltal hreinnar eignar til greiðslu lífeyris í ársbyrjun og árslok. Verði B-deild sjóðsins slitið, sbr. 31. gr., skal sá rekstrar-
kostnaður, sem ekki er borinn af bankanum, greiddur af sjóðnum.

9. gr.

Athugun á fjárhagsstöðu sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal árlega fá greinargerð tryggingafræðings um fjárhagsstöðu hvorrar deildar sjóðsins fyrir sig. Eigi sjaldnar en þriðja hvert ár skal slík greinargerð byggð á ítar-
legu tryggingafræðilegu uppgjöri. Verði B-deild sjóðsins slitið, sbr. 31. gr., fær stjórn sjóðsins einvörðungu eina greinargerð um fjárhagslega stöðu sjóðsins sbr. 2. mgr. 2. gr.

Telji tryggingafræðingurinn rannsókn sína leiða í ljós, að misræmi sé milli eigna og skuldbindinga, skal hann gera tillögur til sjóðstjórnar um breytingu lífeyrisréttinda. Skulu slíkar breytingar á lífeyrisréttindum taka jafnt til áunninna réttinda sem framtíðarréttinda. Fari skuldbindingar 5% eða meira fram úr eignum, er sjóðstjórn skylt að lækka réttindi, nema samkomulag náist um hækkun iðgjalda til að jafna hallann eða hagur sjóðsins sé tryggður með öðrum hætti. Við ákvarðanir er varða lífeyrisréttindi í A-deild verður þó að taka tillit til ákvæða 3. mgr. 12. gr.

10. gr.

Ávöxtun fjár sjóðsins.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans. Skal hún ávaxta það á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis sjóðsins og áhættudreifingar sem hér segir:

1. Í ríkisvixlum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
2. Í skuldabréfum sveitarfélaga og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð sveitarfélaga enda sé fjárhagur hlutaðeigandi sveitarfélaga að mati sjóðstjórnar traustur, þegar hliðsjón er höfð af skuldastöðu, ábyrgðarskuldbindingum og árlegum tekjum.
3. Í bönkum og sparisjóðum og í skuldabréfum lánastofnana og annarra fjármálastofnana, enda starfi þær samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.
4. Í innlendum hlutdeildarbréfum verðbréfasjóða.
5. Í hlutabréfum í fyrirtækjum, sem hafa skráð kaup- og sölugengi á Verðbréfaþingi Íslands. Sjóðnum skal eigi heimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju fyrirtæki. Heildarhlutabréfaeign hvorrar deildar sjóðsins skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign deildarinnar til greiðslu lífeyris. Verði B-deild sjóðsins slitið, sbr. 31. gr., skal heildarhlutabréfaeign sjóðsins á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.
6. Í erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. Hlutfall erlendra eigna hvorrar deildar skal aldrei nema meiru en 10% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Verði B-deild sjóðsins slitið, sbr. 31. gr., skal hlutfall erlendra eigna sjóðsins aldrei nema meiru en 10% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.
7. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af áætluðu söluverði eignar.
8. Í skuldabréfum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða rekstrarafkomu, enda séu skuldabréfin skráð á Verðbréfaþingi Íslands og nemi að hámarki 10% af eigin fé hlutaðeigandi fyrirtækis. Heildarskuldbréfaeign hvorrar deildar sjóðsins samkvæmt þessum lið skal á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign deildarinnar til greiðslu lífeyris. Verði B-deild sjóðsins slitið, sbr. 31. gr., skal heildarhlutabréfaeign sjóðsins á hverjum tíma ekki vera meiri en sem nemur 15% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.

II. KAFLI

Um A-deild sjóðsins.

11. gr.

Sjóðfélagar A-deildar.

Sjóðfélagar A-deildar eru þeir starfsmenn, sem nefndir eru í 4. gr., voru í starfi 31. desember 1997, áttu þá að baki a.m.k. 6 ára réttindi í Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands og hafa ekki tilkynnt sjóðnum skriflega eigi síðar en 1. júní 1998 að þeir óski eftir flutningi frá A-deild.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar A-deildar teljast sjóðfélagar hennar.

12. gr.

Iðgjöld til A-deildar.

Sjóðfélagar A-deildar greiða 4% af föstum launum sínum í iðgjöld til deildarinnar og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár.

Búnaðarbanki Íslands hf. greiðir 14,4% af sömu launum sjóðfélaga í iðgjöld til A-deildar svo lengi sem sjóðfélagi er starfandi hjá bankanum. Iðgjöld bankans greiðast samtímis því að iðgjöld sjóðfélaga eru greidd sjóðnum.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er bankanum heimilt að lækka mótframlag sitt í A-deildina tímabundið, um 1% í 13,4%, ef það tryggingafræðilega mat sem unnið er fyrir sjóðstjórn með reglubundnum hætti samkvæmt lögum gefur til kynna að staða sjóðsins teljist vera svo sterk að hægt sé tímabundið að lækka mótframlag bankans án þess að skerða réttindi.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar með öðru en iðgjöldum sínum.

13. gr.

Skuldbindingar eftirlaunasjóðs og framlag Búnaðarbankans.

A-deild tekur við öllum áföllnum skuldbindingum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands í árslok 1997, en bankinn leggur deildinni til það fé, sem þá er talið á vanta, þannig að jöfnuður sé milli eigna og skuldbindinga eftirlaunasjóðsins. Skal uppgjör miðast við niðurstöðu tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 1997 miðað við 3% ársvexti. Um greiðslutilhögun fer eftir nánara samkomulagi milli bankans og lífeyrissjóðsins en miðað skal við að þau verðbréf sem bankinn afhendir sjóðnum beri markaðskjör.

14. gr.

Ellilífeyrir.

Hver sjóðfélagi A-deildar, sem lætur af starfi og greitt hefur iðgjald til eftirlaunasjóðsins og A-deildar lífeyrissjóðsins samanlagt í 6 ár eða lengur og orðinn er 65 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr A-deild sjóðsins. Skal ellilífeyrinn nema ákveðnum hundraðshluta af umreiknuðum meðallaunum síðustu 5 almanaksár hans í starfi miðað við fullt starf. Skal umreikningurinn miðast við breytingu á launavísitölu, útgefinni af Hagstofu Íslands frá meðaltali almanaksársins til næsta mánaðar eftir að látið er af starfi. Síðan breytist fjárhæð lífeyris mánaðarlega í hlutfalli við breytingar á launavísitölu.

Hafi sjóðfélagi gegnt hærri launuðu starfi fyrir á starfstíma sínum, skal lífeyrir hans miðast við umreiknuð meðallaun hans síðustu 5 almanaksárin áður en hann lét af því starfi enda sé sú viðmiðun sjóðfélaganum hagstæðari en umreikningur samkvæmt 1. mgr.

Fyrir starfstíma í fullu starfi skal hundraðshluti lífeyris vera 2,125% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, en hlutfallslega lægri fyrir tímabil í lægra starfshlutfalli, þar til 85% eftirlaunahlutfalli er náð.

Sjóðfélagi A-deildar sem náð hefur 60 ára aldri og hefur samanlagðan aldur og starfstíma 95 ár, getur hætt störfum og tekur þá eftirlaun eins og þau reiknast samkvæmt framangreindu.

15. gr.

Örorkulífeyrir.

Hver sjóðfélagi A-deildar, sem ófær verður til að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum varanlegrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef trúnaðarlæknir lífeyrissjóðsins metur örorku meira en 10%.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlast rétt til, ef

hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyris við starfstíma og laun með sama hætti og segir í 14. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks sjóðfélaga er sami hundraðshluti af hámarks örorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. sem örorka hans er metin. Enginn getur fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur fullum launum þrátt fyrir örorku.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en bankans.

16. gr.

Makalífeyrir.

Nú andast sjóðfélagi A-deildar og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til eftirlaunastjóðsins og A-deildar lífeyrissjóðsins samanlagt í 6 ár eða lengur.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna, starfshlutfalli og umreiknuðum launum fyrir fullt starf með sama hætti og segir í 1. mgr. 14. greinar. Fyrir starfstíma í fullu starfi skal hundraðshlutinn vera 1,25% fyrir hvert starfsár, þó að hámarki 50%. Fyrir starfstíma í hlutastarfi lækka hundraðshlutar þessir í samræmi við starfshlutfall.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af árslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af árslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum eða úr einhverjum öðrum lífeyrissjóði. Sama regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið. Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka, sem hefur ekki búið með honum undanfarin tvö ár, og getur sjóðstjórn þá ákveðið makanum lægri lífeyri en hann hefði átt rétt á samkvæmt þessari grein í hlutfalli við þann tíma, er þau hafa verið samvistum.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem hefur verið tvígiftur, og lætur eftir sig maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu réttahafar makalífeyris fleiri en tveir.

Til viðbótar þeim makalífeyri sem skilgreindur er að ofan skal sjóðurinn greiða til eftirlifandi maka eingreiðslu við andlát sjóðfélaga og skal sú greiðsla fylgja sömu reglum og gilda um hóplíftryggingu bankamanna skv. kjarasamningi SÍB og bankanna frá 8. júní 1995 en vera helmingi lægri en þar er kveðið á um.

17. gr.

Barnalífeyrir.

Börn og kjörbörn, sem sjóðfélagi A-deildar lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að mestu eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist. Þó getur sjóðstjórn ákveðið, að þetta taki ekki til kjörbarna, er sjóðfélagi hefur tekið að sér eftir að hann varð 60 ára.

Fullur barnalífeyrir skal vera að lágmarki 5.500 kr. á mánuði með hverju barni örorkulífeyrisþega. Við andlát sjóðfélaga skal barnalífeyrir vera að lágmarki 7.500 kr. með hverju barni. Upphæðir þessar skulu breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Börn og kjörbörn sjóðfélaga, sem verður öryrki, öðlast sama rétt og greinir í 2. gr., þó þannig að lífeyrisgreiðsla til þeirra skal nema jafnmiklum hundraðshluta af lífeyrisupphæð þeirri, sem greinir í 2. mgr., sem örorka sjóðfélaga er metin.

18. gr.

Greiðsla við andlát.

Erfingjar látins sjóðfélaga A-deildar eiga rétt á greiðslu úr sjóðnum við lát hans að fjárhæð, er samsvari 2/3 hlutum mánaðarlauna samkvæmt hæsta launaflokki bankaritara samkvæmt kjarasamningi bankamanna.

19. gr.

Iðgjaldagreiðslur falla niður.

Nú lætur sjóðfélagi A-deildar í lifandi lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri eða starfi, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og telst hann þá áfram sjóðfélagi í 6 mánuði eftir að iðgjaldagreiðslur falla niður, enda hafi iðgjöld ekki verið endurgreidd á því tímabili.

Réttur til elli- og örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hverfi úr sjóðnum, en miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 14.- 16. gr. Réttur til töku lífeyris fyrir 65 ára aldur þegar samanlagður aldur eða starfstími sjóðfélaga nær 95 árum fellur þó niður.

20. gr.

Eldri réttindi.

Lífeyrir þeirra, sem við gildistöku reglugerðar þessarar hafa öðlast rétt til lífeyris úr Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands og njóta slíks lífeyris í desember 1997 eða fá síðar úrskurðaðan lífeyri fyrir þann mánuð, skal frá þeim tíma breytast mánaðarlega í hlutfalli við launavísitölu frá vísitölu desembermánaðar 1997.

Réttindi sjóðfélaga A-deildar, áunnin í eftirlaunasjóði Búnaðarbankans fram til ársloka 1997, skulu reiknuð í samræmi við ákvæði 3. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 16 gr., enda sé hlutaðeigandi í starfi hjá bankanum við gildistöku reglugerðar þessarar.

Réttindi þeirra, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga geymdan rétt í eftirlaunasjóðnum og greitt hafa til hans iðgjöld í 6 ár eða lengur miðast við áunnin lífeyrisrétt 7.-9. greinar reglugerðar eftirlaunasjóðs bankans frá 24. mars 1992. Sjóðstjórn úrskurðar, hver viðmiðunarlaun skuli vera í desembermánuði 1997, en frá þeim tíma breytast þau á sama hátt og segir í 1. mgr.

Iðgjöld þeirra, sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga geymd réttindi í eftirlaunasjóðnum og greitt hafa iðgjöld til hans í skemur en 6 ár, skal umreikna í stig í samræmi við

ákvæði grunnreglugerðar Sambands almennra lífeyrissjóða frá 1. janúar 1997. Sömu reglur gilda um bótarétt og gilda um geymd réttindi samkvæmt þeirri reglugerð.

Verði B-deild sjóðsins slitið, sbr. 31. gr., án þess að áunnin réttindi sjóðfélaga B-deildar flytjist með, skulu þau geymd í sjóðnum og njóta réttindaákvæða í samræmi við III. kafla reglugerðar þessarar.

21. gr.

Trygging áhættudreifingar vegna skuldbindinga sjóðsins.

Sé þess krafist af hálfu fjármálaráðherra, bankaeftirlitsins eða annarra opinberra aðila, að undangenginni tryggingafræðilegri athugun, að A-deild sjóðsins tryggi áhættudreifingu vegna skuldbindinga sinna sbr. 21. gr. laga nr. 129/1997, skal Búnaðarbanki Íslands hf. kaupa og greiða að fullu þá tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi.

III. KAFLI

Um B-deild sjóðsins.

22. gr.

Sjóðfélagar B-deildar.

Sjóðfélagar B-deildar eru þeir starfsmenn, sem nefndir eru í 4. gr. aðrir en þeir, sem rétt eiga á að vera í A-deild sjóðsins, sbr. 11. gr., og kosið hafa að vera í þeirri deild.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar B-deildar teljast sjóðfélagar hennar.

23. gr.

Iðgjöld til B-deildar.

Sjóðfélagar B-deildar greiða 4% af heildarlaunum sínum í iðgjöld til deildarinnar. Bankinn greiðir 6% af sömu launum sjóðfélaga í iðgjöld til deildarinnar samtímis því, að iðgjöld sjóðfélaga eru greidd sjóðnum. Framangreint greiðsluhlutfall bankans og sjóðfélaga helst óbreytt þó B-deild verði slitið, sbr. 31. gr., og þeir sjóðfélagar flytjist í aðra lífeyrissjóði/annan lífeyrissjóð.

Sjóðfélagar B-deildar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum hennar með öðru en iðgjöldum sínum.

24. gr.

Grundvöllur lífeyrisréttinda.

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga til B-deildar hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084 og breytist hún mánaðarlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir, ef stigagrundvöllur, sem ákveðinn hefur verið af sjóðstjórn, reynist síðar ónothæfur.

Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10-föld iðgjöld, sem greidd hafa verið til B-deildar vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarlaunum ársins samkvæmt 2. mgr. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða, skal reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig annarra ára. Þó skal aldrei miða við færri stig en áunnin eru.

Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar, er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

25. gr.

Ellilífeyrir.

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til B-deildar og orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,5.

Heimilt er sjóðfélagi að hefja töku ellilífeyris, áður en hann nær 67 ára aldri, þó ekki fyrr en frá 65 ára aldri. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka frá því, sem í 2. mgr. segir, um 0,6% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem vantar á 67 ára aldur, er taka hans hefst.

Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs, og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,6% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.

Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

26. gr.

Örorkulífeyrir.

Sjóðfélagi B-deildar, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira, og áunnið hefur sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskurðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir samkvæmt 3. mgr. 28. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og áleti trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal matið aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum störfum. Heimilt er að fengnu áleti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans.

Þegar skilyrði 1. mgr. svo og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 25. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknaðs samkvæmt 4. mgr.:

- a. Sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til B-deildar a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára.
- b. Sjóðfélagi hafi greitt iðgjöld til B-deildar a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum.
- c. Ekki megi rekja orkutapið til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Eigi sjóðfélagi jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a-lið, er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 3. mgr. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:

- a. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.
- b. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.
- c. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stuttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5, og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.
- d. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum a. eða b., meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu í allt að 10 árum, en síðan skal til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga, sem umfram eru.

Ef rekja má sjúkdóma þá, sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs, er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, fram til þess tíma, er orkutap telst hafa átt sér stað, skal fjöldi framreiknaðra stiga aldrei reiknast meiri en sem nemur fjölda þeirra stiga, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjú mánuðina eftir orkutap.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

27. gr.

Makalífeyrir.

Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr B-deild sjóðsins eða greitt hafði iðgjald til hennar a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 19 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, skal makalífeyrir greiddur fram að 19 ára aldri yngsta barnsins. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

Sé maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir, meðan sú örorka varir, þó aldrei lengur en til 70 ára aldurs.

Stofnist réttur til makalífeyris samkvæmt 1. mgr., skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

Nú hafa greiðslur makalífeyris fallið niður, áður en makinn nær 67 ára aldri, og stofnast þá réttur á ný til fulls makalífeyris, sem greiðist í allt að 36 mánuði, enda sé hann ekki í hjónabandi og eigi ekki rétt til makalífeyris vegna síðara hjónabands. Hafi greiðslur makalífeyris samkvæmt 2., 3. eða 4. mgr. ekki fallið niður við 67 ára aldur makans, skal greiða fullan makalífeyri til 70 ára aldurs, en þó skal aldrei greiða fullan makalífeyri skemur en 60 mánuði við þessar aðstæður. Nú er maki sjóðfélaga orðinn 67 ára við fráfall sjóðfélagans, og öðlast makinn þá rétt til fulls makalífeyris í allt að 60 mánuði.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 1.-4. mgr. til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samantöldum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 4. mgr. 26. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri, í samræmi við ákvæði 9. mgr. 26. gr., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins fá lífeyri úr þessum sjóði vegna ókomins tíma, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 3. mgr. 29. gr.

Ekkja eða ekill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú, sem var í hjúskap eða sambúð, sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátíð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

28. gr.

Barnalífeyrir.

Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til B-deildar eða notið úr henni örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga 7.500 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaks mánuð miðað við grundvallarfjárhæð janúarmánaðar 1996. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 2. mgr. 24. gr. Fullur barnalífeyrir greiðist, ef árleg stig,

áætluð í samræmi við 7. mgr. 27. gr., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

Sé sjóðfélagi úrskurðaður örorkulífeyrir samkvæmt 26. gr. vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 2. mgr. með þeirri undantekningu, að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 5.500 kr. með hverju barni. Sé örorka samkvæmt 26. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður, þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

Fósturbörn og stjúpborn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

29. gr.

Iðgjaldagreiðslur falla niður.

Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda, og ávinnur hann sér ekki réttindi meðan svo stendur. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga hafa sannanlega fallið niður af þessari ástæðu, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt. Sama gildir, ef launagreiðslur hafa fallið niður vegna atvinnuleysis, þó ekki lengur en 12 mánuði samfleytt, enda hafi sjóðfélaginn á því tímabili ekki verið 6 mánuði eða lengur í starfi, er veitti honum aðgang að öðrum lífeyrissjóði.

Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en þeim, sem nefndar eru í 1. mgr., telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga. Skulu þá áunnin stig geymd.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu og hverfi úr sjóðnum, en miðast þá einungis við áunnin geymd stig.

30. gr.

Greiðslur til séreignasjóðs.

Til viðbótar iðgjöldum samkvæmt 23. gr. greiðir Búnaðarbankinn 7% af heildarlaunum hvers fastráðins sjóðfélaga B-deildar, sem starfað hefur hjá bankanum 3 ár eða lengur, til Séreignalífeyrissjóðsins, séreignalífeyrissjóðs Búnaðarbankans. Iðgjald þetta skal greitt samtímis iðgjaldi B-deildar. Greiðsluskylda Búnaðarbankans skv. framangreindu breytist ekki þó B-deild sjóðsins verði slitið, sbr. 31. gr.

31. gr.

Flutningur réttinda sjóðfélaga og slit B-deildar.

Sjóðfélagar veita sjóðstjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. fullt og ótakmarkað umboð til þess að hefja viðræður við aðra fullgilda íslenska lífeyrissjóði um flutning á réttindum og iðgjaldagreiðslum sjóðfélaga og 6% mótframlags bankans í B-deild yfir til þeirra. Að loknum viðræðum skal sjóðstjórn boða til sjóðfélagafundar með minnst tveggja vikna fyrirvara og leggja þar fram tillögu um framtíð B-deildar og þá hugsanlegan flutning réttinda allra sjóðfélaga í B-deild í annan lífeyrissjóð/aðra lífeyrissjóði, og um stöðu nýrra starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. Meirihluti greiddra atkvæða á sjóðfélagafundi ræður þar úrslitum og eru sjóðfélagar í báðum deildum atkvæðisbærir. Verði tillaga sjóðstjórnar samþykkt, og B-deild sjóðsins slitið samhliða flutningi á réttindum allra sjóðfélaga í annan lífeyrissjóð, fellur niður III. kafli reglugerðar þessarar að undanskildum 23. gr., 29. gr.

og 30. gr. sem munu þá verða 22. gr. til og með 24. gr. Núverandi 32. gr. til 38. gr. IV. kafla, munu þá verða 25. gr. til og með 31. gr. Framangreindar 22. gr. til og með 31. gr. mynda þá nýjan III. kafla, „Ýmis ákvæði“.

Verði B-deild sjóðsins slitið, án þess að áunnin réttindi sjóðfélaga B-deildar flytjist með, skulu þau geymd í sjóðnum og njóta sjóðfélagar þá réttinda í samræmi við geymd réttindi sín skv. ákvæðum III. kafla reglugerðar þessarar.

IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

32. gr.

Verndun lífeyrisréttinda.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt reglugerð þessari, og ekki má leggja á þær lögghald né gera í þeim fjárnám. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt.

33. gr.

Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

Lífeyrir greiðist mánaðarlega fyrirfram, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndast, og í síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda, og fyrir-sjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum, sömdum að fengnum tillögum tryggingafræðings.

34. gr.

Gerðardómur.

Vilji sjóðfélagi, annar rétthafi lífeyrisgreiðslu eða fjárhaldsmaður ólöggráða rétthafa ekki hlíta úrskurði sjóðstjórnar um mál, er hann hefur skotið til hennar, getur hann lagt málið fyrir gerðardóm. Skal hann þá tilkynna sjóðstjórninni það innan 6 vikna frá því hann fékk tilkynningu um úrskurð hennar. Jafnframt skal hann tilnefna gerðardómsmann, en sjóðstjórn tilnefnir annan af sinni hálfu. Þeir velja síðan oddamann, en geti þeir ekki komið sér saman um oddamanninn, skal hann tilnefndur af héraðsdómi Reykjavíkur. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila og verður ekki lagður fyrir dómstóla. Kostnaður við gerðardóm skiptist milli aðila eftir mati.

35. gr.

Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttinda-flutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma- og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf, og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn réttindatíma. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

36. gr.

Breytingar á reglugerðinni.

Til breytinga á reglugerð þessari þarf meirihluta greiddra atkvæða á sjóðfélagafundi ásamt staðfestingu bankaráðs Búnaðarbanka Íslands hf. og starfsmannafélags bankans.

Breytingar á iðgjöldum til sjóðsins eru háðar samþykki þeirra sem fara með kjarasamninga fyrir hönd aðila að sjóðnum.

37. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi gildir frá 1. janúar 1998 og kemur í stað reglugerðar þeirrar fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Búnaðarbanka Íslands, sem gilt hefur frá 24. mars 1992.

38. gr.

Bráðabirgðaákvæði.

Stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands fer með málefni lífeyris-sjóðsins frá gildistöku reglugerðar þessarar til 1. apríl 1998. Í marsmánuði 1998 skal stjórnin undirbúa sjóðfélagafund, sem kjósa skal fulltrúa í nýja sjóðstjórn skv. 5. gr. og skoðunarmann skv. 7. gr. Kjörtímabil þeirrar stjórnar er frá 1. apríl 1998.

Þeim sjóðfélögum sem starfandi eru hjá Búnaðarbankanum við gildistöku þessarar reglugerðar er heimilt að flytja áunnin réttindi frá A-deild til B-deildar. Við flutninginn skal miða við að eftirlaunin verði 60% af hinum áunna eftirlaunarétti eins og hann er þann 31. desember 1997 samkvæmt reglugerð sjóðsins frá 24. mars 1992. Núvirði mismunarins, allt að 40% af hinum áunna eftirlaunarétti, eins og það reiknast miðað við reglur B-deildar skal greitt inn í séreignarsjóð, sbr. 30. gr. Ósk um flutning skal berast sjóðnum skriflega eigi síðar en 1. júní 1998 og skal endanlegur flutningur hafa átt sér stað fyrir 30. júní 1998. Iðgjöld ársins 1998 skulu falla til þeirrar deildar/deilda sem sjóðfélagi kýs að vera í. Þannig skal iðgjald ársins 1998 fyrir aðila sem kýs að flytja sig yfir í séreignarsjóð og B-deild reiknast samkvæmt reglugerð þar að lútandi strax frá 1. janúar 1998 þrátt fyrir að formlegur flutningur fjár eigi sér ekki stað fyrr en á tímabilinu 1. júní - 30. júní 1998. Sama gildir ef B-deild er slitið og réttindi þeirra sjóðfélaga flutt í aðra lífeyrissjóði/annan lífeyrissjóð sbr. 31. gr.

Við ákvörðun um hvort stofnfélagi B-deildar uppfyllir skilyrði 26.-28. gr. um iðgjaldagreiðslutíma og áunnin stig fyrir orkutap eða fráfall, skal tekið tillit til iðgjalda sem greidd hafa verið til Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands eftir því sem þörf krefur.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 14. greinar um að eftirlaun úr A-deild skuli miðast við umreiknuð meðallaun sjóðfélaga síðustu 5 almanaksár hans í starfi skulu eftirlaun sjóðfélaga, sem láta af störfum í lok desember 1997 eða janúar 1998 og hefja þá töku lífeyris samkvæmt 14. gr., miðast við laun þeirra síðasta mánuðinn í starfi. Eftirlaun þeirra sem láta af störfum á tímabilinu frá febrúarlokum 1998 til ársloka 2002 og hefja töku lífeyris, skulu miðast við umreiknuð meðallaun þeirra frá ársbyrjun 1998 til loka þess mánaðar, er þeir láta af störfum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 12 gr. um 4% iðgjaldagreiðslur starfsmanna, skulu ákvæði 3. mgr. 5. gr. reglugerðar Eftirlaunasjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands frá 24. mars 1992 gilda áfram um þá er nutu þeirra réttinda 31. desember 1997.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 17. apríl 1998.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.